

LANGANESBYGGÐ



24. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn þriðjudaginn 24. apríl 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Josteinn Hermundsson, Karl Ásberg Steinsson, Reimar Sigurjónsson, Aðalbjörn Arnarsson, Oddur Skúlason og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engin athugasemd gerð.

Formaður lagði til breytingu á boðaðri dagskrá, nýr liður 2 bætist við, en gögn voru send út með fundarboði. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá fundar:

1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gróðurhús á Bakkafirði (bráðabirgðaleyfi)

Fram er lagt að nýju erindi dags 23. febrúar 2017 hvar óskað er stöðuleyfis vegna 400 m² gróðurhúss við Kötlnesveg Bakkafirði, ásamt viðbótargögnum. Einnig var lagt fram á fundinum álit Gauks Hjartarsonar, skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 19. apríl sl.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin fagnar þessu tímabundnu reynsluverkefni. Fyrir liggur að veiting stöðuleyfis heyrir ekki undir ákvæði byggingarreglugerðar. Nefndin er samþykkt því að veita stöðuleyfi til 12 mánaða gegn skriflegu samþykki næstu nágrenna (grendarkynningu). Grendarkynning skal undirbúin í samvinnu við sveitarfélagið. Verði sótt um framlengingu stöðuleyfis að ári, verði starfseminni afmörkuð lóð og áskilur sveitarfélagið sér rétt til innheimtu gjalda fyrir leigu á landi hennar. Ennfremur að gerður verði samningur að hálfu sveitarfélagsins við umsækjanda, skv. ákvæðum byggingareglugerðar um stöðuleyfi, um ábyrgð umsækjanda gagnvart tjóni á eigum annarra vegna m.a. foktjóns. Þá verði umsækjanda gert skylt að fjarlægja gróðurhúsið þegar rekstri lýkur og skila lóðinni í svipuðu ástandi og hún var áður. Einnig verði í samningnum tekið á atriðum sem fram koma í 190. fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðlandssvæðis eystra, 7. tölulið, Umsagnir, dags. 8. mars 2017.

Samþykkt samhljóða.

2. Umsókn Steinunnar Leósdóttur og Friðriks Jónssonar að byggja bílskúr að Bakkavegi 5 Þórshöfn.

Fyrir liggur samþykkt skv. grendarkynningu eftirfarandi húseigenda í nágrenninu: Ólafur Stefánsson, kt. 160649-4109, Steinfríður Alfreðsdóttir kt. 280751-3169, Hanka Gujska, kt. 100457-2459, Hugrún Óskarsdóttir, Dawid Potrykus kt. 230578-4199.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

3. Umsókn Gísitheimilisins Lyngholts ehf., dags. 3. apríl 2017

- a. Leyfi til að staðsetja Jöklahús við Langanesveg 12. Hin nýja bygging kemur í stað núverandi bílskúrs.
- b. Leyfi til að standsetja og starfrækja gistirými að Langanesvegi 10, sjá hjál. grendarkynningar.
- c. Leyfi til að færa pall á suð-austurhorni Lyngholts.

Fyrir liggur samþykki eftirtalinnna húseigenda og íbúa fyrir lið a, b og c hér að ofan. Austurvegur 1: Jónas Lárússon, Krzysztof Usicio kt. 190278-2639, Austurvegur 2: Margrét Anna Hjaltadóttir, Austurvegur 3, Jóhann Ægir Halldórsson, Austurvegur 4: Birna Sigurðardóttir, Jaroslaw Tryggvi L. Radke, Bakkavegur 1: Sigurður Már Haraldsson, Langanesvegur 8: Ragnheiður Valtýsdóttir, Langanesvegur 9: Hulda I. Einarsdóttir, Langanesvegur 11: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Langanesvegur 14: Edda Jóhannsdóttir, Freyr Kristjánsson.

- d. Lagfæring á innkeyrslu milli Lyngholts og Bjargs.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti og leggur til að sveitarstjórn feli byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

4. Umferðamerkingar í Langanesbyggð

Samþykkt um bókun: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að óska eftir því við sveitarstjóra að hann ræði bæði við fulltrúa Vegagerðarinnar og lögreglunnar um endurbætur og lagfæringar umferðamerkinga og bætt eftirlit umferðareftirlit í Langanesbyggð. Að áliti nefndarinnar eru merkingar ófullnægjandi t.d. á Langanesvegi við Grunnskólann á Þórshöfn, umferð oft hröð og ekki tekið tillit til nálægðar við íbúabyggð og gangandi vegarendur. Þá eru fjölmargar merkingar orðnar illsjáanlegar eða eiga ekki lengur við, að mati nefndarinnar, svo dæmi séu tekin.

Samþykkt samhljóða.

5. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám við Hálsveg 10

Húseigandi, Víkingur Jónsson, kt. 030171-4899, sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám frá og 24. þessa mánaðar til og 30. ágúst 2017, vegna framkvæmda við húsið.

Samþykkt um bókun: Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki erindið.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:55.

Óddur Skulason
Jostin Hauka.
Aðalbjörn Þinnarsson

Þinnarsson
Kornel Þinnarsson